

Kolefnisspor Akureyrarbæjar

VERKÁÆTLUN

Eftirfarandi verk- og kostnaðaráætlun er unnin af Stefáni Gíslason, framkvæmdastjóra Umhverfisráðgjafar Íslands ehf. (Environice) að beiðni Rutar Jónsdóttur, forstöðumanns umhverfis- og sormála á umhverfis- og mannvirkjasviði Akureyrarbæjar, sbr. tölvupóstsamskipti og símtöl 28. feb. – 2. mars 2018.

1 Verkið

Verkið sem um ræðir snýst um sérfræðiráðgjöf af hálfu Environice vegna útreiknings á kolefnisspori Akureyrarkaupstaðar skv. nánara samkomulagi aðila. Hlutverk Environice er m.a. að ráðleggja um aðferðafræði við útreikninginn, um öflun tölulegra upplýsinga, markmiðssetningu, framsetningu og túlkun niðurstaðna.

Hægt er að nálgast útreikninga á kolefnisspori sveitarfélags með mismunandi hætti. Einfaldasta leiðin er að reikna kolefnissporið aðeins fyrir stofnanir sveitarfélagsins. Slíka útreikninga er hægt að byggja á tiltækum upplýsingum um kaup á eldsneyti og annarri orku, upplýsingum um úrgang sem fellur til í starfseminni o.fl. Útreikningur af þessu tagi er að flestu leyti sambærilegur við útreikning á kolefnisspori einstaks fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu. Önnur leið er að reikna kolefnissporið fyrir sveitarfélagið allt sem landfræðilegt svæði. Slíkir útreikningar eru mun umfangsmeiri og þurfa m.a. að byggja á upplýsingum um alla eldsneytisnotkun á svæðinu.

Akureyrarkaupstaður er aðili að Compact of Mayors (nú *Global Covenant of Mayors for Climate & Energy*, hér eftir skammstafað GCMCE), sem er sameiginleg yfirlýsing borgarstjóra um heim allan um vilja sinn til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, styrkja viðnámsþol gegn loftslagsbreytingum, birta tölulegar upplýsingar um frammistöðu viðkomandi borga í loftslagsmálum og setja markmið um enn betri frammistöðu. Aðild kaupstaðarins kallar á að kolefnissporið sé reiknað fyrir sveitarfélagið allt sem landfræðilegt svæði.

Gert er ráð fyrir að verkið sem hér um ræðir feli í sér sérfræðiráðgjöf til að aðstoða Akureyrarkaupstað við að uppfylla skyldur sínar gagnvart GCMCE hvað varðar stöðuskráningu, markmiðssetningu og gerð framkvæmdaáætlunar. Gert er ráð fyrir að verkefnið standi yfir í 3 ár, þ.e. árin 2018-2020. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir skiptingu verksins eftir tímabilum og áætluðum kostnaði við hvern verkhluta.

Gert er ráð fyrir að Environice vinni verkið í nánú samráði við Akureyrarkaupstað og að fulltrúar þessara aðila hittist á verkfundum eftir því sem þörf er talin á, þar sem farið er yfir verkaskiptingu og stöðu verksins og lagt á ráðin um næstu skref.

1.1 Ár 1 (2018)

Til að efna heit sín um fulla þátttöku í GCMCE þurfa sveitarfélög, innan eins árs frá undirritun, að leggja mat á núverandi áhrif loftslagsbreytinga í viðkomandi byggðarlagi. Þetta er gert með því að:

- a. Skrá losun gróðurhúsalofttegunda á svæðinu, þar sem tilgreind er skipting milli reksturs fasteigna annars vegar og samgangna hins vegar. Við skráninguna sé stuðst við svonefndan GPC-staðal.
- b. Greina áhættur vegna loftslagsbreytinga.
- c. Gefa skýrslu um hvort tveggja með því að nota gagnakerfið CDP (áður Carbon Disclosure Project) eða „Carbon(n) Climate Registry“.

Gert er ráð fyrir að Environice aðstoði Akureyrarkaupstað við að ljúka þessum verkþáttum á árinu 2018.

Erfitt er að áætla tímaþörf við ráðgjöf í verkefni af þessu tagi, þar sem tímafjöldinn ræðst óhjákvæmilega af því hversu auðvelt er að afla nauðsynlegra gagna, svo og af verkaskiptingu milli ráðgjafa og kaupanda ráðgjafarinnar. Þó er ljóst að þessi fyrsti verkþáttur er líklegur til að krefjast mun meira vinnuframlags en verkþættirnir sem á eftir koma. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að vinnuframlag Environice á þessu fyrsta ári nemi 123,5 klst. Tímagjald Stefáns Gíslasonar er 18.000 kr/klst + vsk (verðlag í ársbyrjun 2018), en veittur er 10% afsláttur frá þessu gjaldi í stærri verkum sem þessu. Áætlaður kostnaður vegna þessa fyrsta verkþáttar er samkvæmt þessu:

$$18.000 \text{ kr/klst} \times 0,9 \times 123,5 \text{ klst} = 2.000.700 \text{ kr} + \text{vsk}$$

Innifalin í framangreindri áætlun er 19 klst undirbúningsvinna sem unnin var að beiðni Guðmundar H. Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Vistorku ehf., á tímabilinu nóv-des. 2017.

1.2 Ár 2 (2019)

Innan tveggja ára frá undirritun GCMCE þurfa sveitarfélög að bæta við skráningu fyrsta árs, þannig að hún taki einnig til úrgangsmæðhöndlunar. Þá þarf sveitarfélagið að setja markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, gera veikleikagreiningu í samræmi við leiðbeiningar GCMCE og gefa skýrslu um framgang mála.

Gert er ráð fyrir að Environice aðstoði Akureyrarkaupstað við að ljúka þessum verkþáttum á árinu 2019, auk þess að aðstoða við viðhald þeirrar skráningar sem hófst 2018. Gert er ráð fyrir að vinnuframlag Environice á árinu nemi 62,0 klst með sömu fyrirvörum og getið er um hér að framan. Áætlaður kostnaður vegna þessa verkþáttar er samkvæmt þessu (á verðlagi í ársbyrjun 2018):

$$18.000 \text{ kr/klst} \times 0,9 \times 62,0 \text{ klst} = 1.004.400 \text{ kr} + \text{vsk}$$

1.3 Ár 3 (2020)

Innan þriggja ára frá undirritun GCMCE þurfa sveitarfélög að leggja fram framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins sem sýnir hvernig ætlunin er að ná markmiðum um samdrátt í losun og aðlögun að loftslagsbreytingum. Þegar öll framangreind skilyrði hafa

verið uppfyllt fær sveitarfélagið sent sérstakt þátttökumerki sem því er síðan heimilt að nota á vefsíðum og á prentuðu efni. Síðan þarf að viðhalda þátttökunni og fá nýtt merki árlega með því að skila inn árlegri skýrslu um gang mála.¹

Gert er ráð fyrir að Environice aðstoði Akureyrarkaupstað við að ljúka þessum verkþætti á árinu 2020, auk þess að aðstoða við viðhald þeirrar skráningar sem hófst 2018. Gert er ráð fyrir að vinnuframlag Environice á árinu nemi 62,0 klst með sömu fyrirvörum og getið er um hér að framan. Áætlaður kostnaður vegna þessa verkþáttar er samkvæmt þessu (á verðlagi í ársbyrjun 2018):

$$18.000 \text{ kr/klst} \times 0,9 \times 62,0 \text{ klst} = 1.004.400 \text{ kr} + \text{vsk}$$

2 Fyrirvarar

1. Eins og fram kemur hér að framan er erfitt að áætla tímaþörf við ráðgjöf í verkefni af þessu tagi. Komi í ljós að framangreind tímaþörf sé verulega vanáætluð skal fulltrúi Environice gera fulltrúa Akureyrarkaupstaðar viðvart með góðum fyrirvara og getur hann þá óskað eftir viðræðum um aðlögun framangreindrar áætlunar að þeim breyttu aðstæðum.
2. Ferðakostnaður vegna hugsanlegra ferða ráðgjafa til Akureyrar er ekki innifalinn í framangreindri áætlun. Reynt verður að halda fjölda ferða í lágmarki og velja ódýrasta ferðamáta sem í boði er hverju sinni. Allar ákvarðanir um ferðir verða teknar í nánu samráði við Akureyrarkaupstað.

Borgarnesi 9. mars 2018

Stefán Gíslason
Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice)

¹ Compact of Mayors (2015):
https://data.bloomberglp.com/mayors/sites/14/2015/07/Compact-of-Mayors-Full-Guide_July2015.pdf.